

Alur Álvinnsla ehf
Klafastaðavegur 4,
301 Akranes

Reykjavík, 29. janúar 2026
UOS-3122/R.S.

Ákvörðun um veitingu bráðabirgðaheimildar – Alur Álvinnsla ehf.

Vísað er til erindis Als Álvinnslu ehf., kt. 430700-2270, til Umhverfis- og orkustofnunar þann 5. janúar 2026, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild til reksturs á nýjum vinnsluferli fyrir áframvinnslu á saltgjalli og gjallsandi meðan unnið er að breytingum á starfsleyfi þeirra, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fram kemur í erindinu að um er að ræða nýjan vinnsluferil sem að staðið hafa tilraunir með síðastliðin þrjú ár og er þeim tilraunum að ljúka með jákvæðum árangri. Í vinnsluferlinu, sem bætist aftan við núverandi vinnsluferil, er saltgjall og gjallsandur hlutleyst og til verður söluvaran NMP sem er selt til iðnaðarframleiðslu og er m.a. notað til íblöndunar í steinull, sement og malbik. Reiknað er með að framleiðsla á NMP verði um 4.000 – 5.000 tonn á ári. Í umsókninni kemur fram að umhverfislegur ávinningur af breytingunni felist annars vegar í því að minna af úrgangi sé flutt úr landi og að minna af úrgangi sé urðað, en til þessa hefur saltgjall og gjallsandur verið sendur erlendis til endurvinnslu eða í urðun í flæðigryfjurnar upp á Grundartanga. Þá kemur fram í umsókninni að borið hefur á því að lykt finnist frá starfsemi Als sem má rekja til ammoníaks sem getur myndast þegar raki er í lofti. Með nýja vinnsluferlinum er ekki lengur hætt á því þar sem að nýi ferillinn fjarlægir ammoníak sem hefur valdið óþægindum fyrir starfsmenn og nágranna.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þegar lagt er mat á hvað heyrir til sérstakra undantekningartilvika, skv. 7. gr. a laga nr. 7/1998 ber að líta til þeirra hagsmuna sem til staðar eru hverju sinni. Nýi vinnsluferillinn hefur verið í þróun og prófun hjá Al síðastliðin 3 ár með vitund stofnunarinnar en prófunin hefur verið undanskilin starfsleyfisskyldu sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Alur tilkynnti um breytingu á starfsemi sinni þann 24. nóvember 2025 vegna nýja vinnsluferilsins, en breytingin kallar á breytingu á starfsleyfi þeirra. Breytingin var einnig tilkynnt til Skipulagsstofnunar en

niðurstaða hennar, sem lá fyrir þann 7. janúar 2026, var að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfi var staðfest þann 14. janúar 2026 af Umhverfis- og orkustofnun. Með þessu nýja viðbótarvinnsluferli verður ekki lengur til úrgangur í framleiðsluferli Als og ekki mun lengur berast ammoníakslykt frá starfseminni sem er í samræmi við markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfi- og orkustofnun telur í ljósi þess umhverfislega ávinning sem næst fram með nýjum vinnsluferli, þar sem komið er í veg fyrir úrgangsmýndun og mengun, að brýn þörf sé á veitingu bráðabirgðaheimildar fyrir nýjum vinnsluferli, á meðan unnið er að breytingu á starfsleyfi Als, til samræmis við hina breyttu vinnsluaðferð. Full endurvinnsla á saltgjalli sé besta aðgengilega tækni til að draga úr magni úrgangs við endurvinnslu á áli. Um sé að ræða sérstakt undantekningartilvik þar sem tekist hafi að próa nýja aðferð við vinnsluna sem komi í veg fyrir úrgangsmýndun sem sé samfélagslega mikilvægt markmið.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfi Als Álvinnslu ehf. og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið ákvörðun um að veita Al Álvinnslu ehf. bráðabirgðaheimild til að hefja notkun á nýjum vinnsluferli til endurvinnslu á saltgjalli og gjallsandi. Á gildistíma bráðabirgðaheimildar skal rekstraraðili fylgja ákvæðum starfsleyfis, sem gefið var út þann 9. nóvember 2022, við áframvinnslu á saltgjalli og gjallsandi, að undanskildum takmörkunum þeim sem endurvinnslu á gjallsandi eru sett í grein 1.2 í starfsleyfinu.

Umhverfis- og orkustofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfis- og orkustofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti áform um veitingu bráðabirgðaheimildar til Als Álvinnslu ehf., sbr. 5. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 22. janúar 2026 til og með 27. janúar 2026. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við áformin á sama tímabili. Tilkynning um opinbera birtingu var send til rekstraraðila, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Hvalfjarðarsveitar þann 23. janúar 2026. Engar athugasemdir bárust.

Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu stofnunarinnar. Heimild þessi öðlast þegar gildi og gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 29. janúar 2027. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfis- og orkustofnun mun innheimta gjald fyrir umsýslu vegna umsóknarinnar um bráðabirgðaheimild, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri